





# REKSTRARAÐILAR SÉRHÆFÐRA SJÓÐA

4. útgáfa

# Efnisyfirlit

Lög nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða	4
III. kafli. Skilyrði fyrir starfsemi rekstraraðila og skipulagskröfur	4
VIII. kafli. Markaðssetning sérhæfðra sjóða innan EES	4
X. kafli. Sérhæfðir sjóðir fyrir almenna fjárfesta	5

# Lög nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða

## III. kafli. Skilyrði fyrir starfsemi rekstraraðila og skipulagskröfur

**Spurning 1:** Hvernig skal meta markaðsvirði fjármálagerninga, sem teknir hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, sé dagslokagengi ekki fyrir hendi á útreikningsdegi innlausnarvirðis?

**Svar 1:** Sé dagslokagengi ekki fyrir hendi á útreikningsdegi innlausnarvirðis hlutdeildarskítæna telur Fjármálaeftirlitið, í samræmi við meginreglu 1. másl. 2. mgr. 26. gr., að rekstraraðili skuli meta hvort markaðsaðstæður hafi breyst í þá veru að síðasta skráða dagslokagengi endurspegli ekki raunverulegt virði fjármálagernings. Við slíkar aðstæður skal virði fjármálagernings fara skv. 3. mgr. 26. gr. og vera háð mati rekstraraðila, undir eftirliti vörsluaðila og endurskoðanda, að teknu tilliti til markaðsaðstæðna hverju sinni. Rekstraraðili skal jafnframt halda skrá yfir mat slíkra eigna á hverjum tíma þar sem fram koma forsendur fyrir mati á eignunum.

**Spurning 2:** Er sömu rekstrareiningu heimilt að sinna verkefnum sem snúa að áhættustýringu og regluvörslu?

**Svar 2:** Já, að því gefnu að rekstraraðili grípi til allra eðlilegra ráðstafanna til þess að greina, koma í veg fyrir, stýra og vakta hagsmunaárekstra sem af slíku fyrirkomulagi leiðir sbr. 1. mgr. 22. gr.

**Spurning 3:** Er sömu rekstrareiningu heimilt að sinna verkefnum sem snúa að verðmati og regluvörslu?

**Svar 3:** Já, að því gefnu að rekstraraðili grípi til allra eðlilegra ráðstafanna til þess að greina, koma í veg fyrir, stýra og vakta hagsmunaárekstra sem af slíku fyrirkomulagi leiðir sbr. 1. mgr. 22. gr.

**Spurning 4:** Að hvaða leyti gilda viðmiðunarreglur ESMA um útvistun til skýjaþjónustuaðila (ESMA50-164-4285 Guidelines on Outsourcing to Cloud Service Providers) um rekstraraðila sérhæfðra sjóða skv. lögum nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða?

**Svar 4:** Fjármálaeftirlitið telur að viðmiðunarreglurnar nái fyrst og fremst yfir þá rekstraraðila sem fengið hafa

starfsleyfi sem rekstraraðilar sérhæfðra sjóða skv. 6. gr. laga nr. 45/2020.

Fjármálaeftirlitið bendir þó smærri rekstraraðilum, sem starfa á grundvelli skráningar skv. 7. gr. laganna, að líta til umræddra viðmiðunarreglna við útfærslu á bestu framkvæmd í starfsemi sinni.

Hins vegar gilda *leiðbeinandi tilmæli nr. 6/2014* um útvistun hjá eftirlitsskyldum aðilum og *leiðbeinandi tilmæli nr. 1/2019* vegna áhættu við rekstur upplýsingakerfa eftirlitsskyldra aðila, eftir sem áður um starfsemi skráðra rekstraraðila.

## VIII. kafli. Markaðssetning sérhæfðra sjóða innan EES

**Spurning 1:** Hvað felst í öfugri tilboðsgjöf?

**Svar 1:** Í öfugri tilboðsgjöf felst að fjárfestir hefur frumkvæði að kaupum í sérhæfðum sjóði án tilboðs eða hvatningar af hálfu rekstraraðila eða þriðja aðila sem kemur fram fyrir hönd rekstraraðila. Það er á ábyrgð rekstraraðila að skilyrði öfugar tilboðsgjafar séu uppfyllt og ber hann fyrir því sönnunarbyrði.

**Spurning 2:** Er rekstraraðila með starfsleyfi innan EES heimilt að kanna áhuga fjárfesta fyrir sérhæfðum sjóði, svokölluð formarkaðssetning, áður en heimild til markaðssetningar hér á landi skv. 56. eða 60. gr. laga nr. 45/2020 liggur fyrir?

**Svar 2:** Fjármálaeftirlit Seðlabankans telur með hliðsjón af samræmdri framkvæmd í Evrópu sem endurspeglast í tilskipun (EU) 2019/1160 og reglugerð (ESB) 2019/1156 er varðar dreifingu sjóða um sameiginlega fjárfestingu yfir landamæri að aðilum sem hafa starfsleyfi innan EES sé heimilt að kanna áhuga fjárfesta á sérhæfðum sjóði áður en heimild til markaðssetningar liggur fyrir, að þeim skilyrðum sem þar er að finna uppfylltum. Rekstraraðila er hins vegar óheimilt að selja hlutdeildarskírteini eða hluti, eða taka við áskriftarloforðum í sérhæfðum sjóði áður en heimild til markaðssetningar liggur fyrir.

**Spurning 3:** Er rekstraraðila með staðfestu utan EES heimilt að kanna áhuga fjárfesta fyrir sérhæfðum sjóði áður en heimild til markaðssetningar hér á landi skv. 63. – 65. gr. laga nr. 45/2020 liggur fyrir?

**Svar 3:** Nei, þar sem ákvæði sem gilda um starfsemi og eftirlit með aðilum utan EES eru ekki samræmd telur Fjármálaeftirlitið að rekstraraðilum sem eru með staðfestu utan EES sé óheimilt að kanna áhuga fjárfesta fyrir sérhæfðum sjóði áður en heimild til markaðssetningar hér á landi skv. 63. – 65. gr. laga nr. 45/2020 liggur fyrir.

## X. kafli. Sérhæfðir sjóðir fyrir almenna fjárfesta

**Spurning 1:** Hvenær telst innlán jafnframt vera peningamarkaðsgerningur?

**Svar 1:** Þegar gefið er út innláns-skilríki sbr. 114. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, sem uppfyllir skilyrði viðskiptabréfa og líftími eða endurmatstímabil þess er ekki umfram 397 daga. Innlán, þ.m.t. svokallaðir innláns-samningar, teljast ekki til peningamarkaðsgerninga nema innláns-skírteini hafi verið gefið út.

**Spurning 2:** Hvaða markaði viðurkennir Fjármálaeftirlitið samkvæmt 4. tölul. 1. mgr. 89. gr.?

**Svar 2:** Þeir markaðir sem opnir eru almenningi, starfa reglulega og lúta eftirliti eftirlitsstjórnvalds sem telst vera fullgildur (e. ordinary) meðlimur í alþjóðasamtökum verðbréfaeftirlita (IOSCO) séu viðurkenndir með þeim hætti sem Fjármálaeftirlitið metur gildan.

**Spurning 3:** Hvernig ber að leggja mat á hvort eignasafn verði innan takmarkana samkvæmt 2. – 4. tölul. 94. gr. ef ekki er unnt að reikna hlutfall fjárfestingar þegar fjárfesting á sér stað?

**Svar 3:** Ef ekki er unnt að reikna hlutfall fjárfestingar samkvæmt 2. – 4. tölul. 94. gr. á þeim tíma þegar fjárfesting á sér stað skal sérhæfður sjóður fyrir almenna fjárfesta reikna hlutfall um leið og fullnægjandi upplýsingar liggja fyrir. Ef fjárfesting er umfram leyfileg mörk 2. – 4. tölul. 94. gr. laganna þegar fullnægjandi upplýsingar liggja fyrir skal fara með fjárfestinguna í samræmi við 96. gr.

Ef fyrirsjáanlegt er við töku ákvörðunar að ekki sé unnt að reikna hlutfall til framtíðar er fjárfesting óheimil.

**Spurning 4:** Á að miða við hlutfall fjárfestingar samkvæmt 94. gr. við heildarfjölda útgefna bréfa eða

útistandandi bréf, þ.e. útgefin bréf að frádregnum eigin bréfum útgefanda?

**Svar 4:** Miða skal hlutfall fjárfestingar við heildarfjölda útgefna bréfa.

**Spurning 5:** Er sérhæfðum sjóðum fyrir almenna fjárfesta heimilt að fjárfesta í einkahlutafélögum?

**Svar 5:** Fjármálaeftirlitið telur að fjárfestingar í einkahlutafélögum séu sérhæfðum sjóðum fyrir almenna fjárfesta ekki heimil þar sem fjárfesting í einkahlutafélögum fellur ekki undir neina af fjárfestingarheimildum sérhæfðra sjóða fyrir almenna fjárfesta skv. b. hluta X. kafla laganna.

**Spurning 6:** Hvernig skal tilkynna skv. 96. gr. ef fjárfesting hefur farið fram úr leyfilegum mörkum samkvæmt lögum?

**Svar 6:** Tilkynningar skv. 96. gr. skulu berast í gegnum þjónustugátt Fjármálaeftirlitsins.

**Spurning 7:** Hversu fljótt skal tilkynna til Fjármálaeftirlitsins um að fjárfesting sérhæfðs sjóðs fyrir almenna fjárfesta hafi farið fram úr leyfilegum mörkum samkvæmt lögum?

**Svar 7:** Samkvæmt 96. gr. skal tilkynning berast án tafar. Í framkvæmd hefur Fjármálaeftirlitið miðað við að tilkynning berist innan sólarhrings frá því að upp komst að fjárfesting hafi farið fram úr leyfilegum mörkum samkvæmt lögum.

**Spurning 8:** Hversu fljótt skulu úrbætur gerðar þegar fjárfesting fer fram úr leyfilegum mörkum samkvæmt lögum?

**Svar 8:** Samkvæmt 96. gr. skulu þegar gerðar ráðstafanir til úrbóta og skal lögum hámarki í síðasta lagi náð innan þriggja mánaða. Að mati Fjármálaeftirlitsins felst í framangreindu að sjóðnum ber að selja eða grípa til annarra ráðstafana til að ná lögum hámarki án ástæðulauss dráttar. Í því felst að sjóðnum sé þá þegar skylt að leita tilboða í eignina og selja fáist viðunandi markaðsverð fyrir séu aðrar ráðstafanir ekki tækar. Í tengslum við framangreint er áréttað að Fjármálaeftirlitið lítur svo á að sjóðnum sé óheimilt, þrátt fyrir væntingar um bættar markaðsaðstæður eða aukid innflæði, að fresta sölu seljanlegra eigna sjóða sem eru umfram fjárfestingarheimildir laganna.

**Spurning 9:** Er sérhæfðum sjóði fyrir almenna fjárfesta sem á umfram 20% í einum útgefanda skv. 1. tölul. 1. mgr. 93. gr. einnig heimilt að eiga umfram 20% hlut í verðbréfum eða peningamarkaðsgerningum skv. 4. tölul. 1. mgr. 93. gr.?

**Svar 9:** Já, að mati Fjármálaeftirlitsins eru fjárfestingarheimildir 1. tölul. óháðar fjárfestingarheimildum 4. tölul.

